



Ásthildur Björg Jónsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands:



„List sem hvetur til sjálfbærni: Möguleikar lista í menntun til sjálfbærni - Artistic Actions for Sustainability: Potential of art in education for sustainability“

Þriðjudaginn 4. júlí kl. 13.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands

Um er að ræða sameiginlega gráðu við Háskóla Íslands og University of Lapland, Finnlandi.

Andmælendur eru dr. Jeppe Læssøe, prófessor við Aarhus Universitet í Danmörku, og dr. Rita Irwin, prófessor við University of British Columbia, Kanada.

Leiðbeinendur voru dr. Allyson Macdonald, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, meðleiðbeinandi Timo Jokela, prófessor við University of Lapland, Finnlandi.

Auk þeirra sátu í doktorsnefnd dr. Laura Colucci-Gray, dósent, við University of Aberdeen, og Glenn Coutts, prófessor við University of Lapland.

Dr. Ólafur Páll Jónsson, prófessor og deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni.

Allir velkomnir

Priðjudaginn 4. júlí nk. kl. 13:00 fer fram doktorsvörn frá Uppeldis- og menntunarfræðideild við Menntavísindasvið, Háskóla Íslands. Um er að ræða sameiginlega gráðu við Háskóla Íslands og University of Lapland, Finnlandi.

Ásthildur Björg Jónsdóttir ver, doktorsritgerð sína List sem hvetur til sjálfbærni: Möguleikar lista í menntun til sjálfbærni - Artistic Actions for Sustainability: Potential of art in education for sustainability“

Um verkefnið

Í doktorsrannsókn Ásthildar, sem hún vann að hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og myndlistardeild Laplandsháskóla í Finnlandi, eru möguleikar samtímalistar til sjálfbærnimenntunar rannsakaðir og metnir út frá sjónarhorni kennslufræða og listsköpunar. Hugtakið sjálfbærni er umdeilt og í stöðugri mótun. Til eru margar mismunandi skilgreiningar á því. Í þessu verkefni er stuðst við þann skilning að kjarni sjálfbærni felist í jafnvægi á milli 'hins góða lífs' og virðingar fyrir þeim takmörkunum sem náttúran setur. Skilgreiningin á hugtakinu sjálfbærni ræður því hvaða kennslu- og námsaðferðir verða fyrir valinu. Gagnrýnið listrænt grenndarnám er sú aðferð sem Ásthildur aðhyllist. Verkefnið byggir bæði á starfendarannsókn og listrannsókn. Það var þýðingarmikið að vinna með báðar rannsóknaraðferðirnar samhliða. Með því móti tókst að varpa ljósi á niðurstöðurnar, bæði með hefðbundinni skriflegri greiningu og einnig með myndlistarsýningum og eigin listsköpun.

Í upphafi rannsóknarinnar lagði Ásthildur mesta áherslu á eigið starf og samhengi menntunar við líf og reynslu kennaranema. Tvö mikilvæg atriði komu fram á fyrstu stigum rannsóknarinnar, annars vegar mikilvægi þess að leggja áherslu á dyggðir og gildismat og hins vegar mikilvægi þátttöku til að þróa með nemendum getu til aðgerða og að tengja markvisst milli fræða og framkvæmdar með ígrundun. Þessir þættir höfðu mikil áhrif á þróun þeirra áfanga sem liggja til grundvallar rannsókninni. Rannsóknin fór fram á sex ára tímabili í listkennsludeild Listaháskóla Íslands þar sem Ásthildur starfar sem lektor og fagstjóri. Tveir lykiláfangar voru lagðir til grundvallar starfendarannsókninni, Listir og sjálfbærni og Kennslufræði sjónlista, þ.á.m. var verkefni sem unnið var með kennaranemum og grunnskólanemendum í Grasagarði Reykjavíkur.

Fræðilegt framlag rannsóknarinnar á sviði sjálfbærnimenntunar var í formi sjö ritrýndra greina/bókakafla og listrænnar túlkunar á viðfangsefninu sem fólst í þremur myndlistarsýningum, auk ritgerðar, fyrirlestra og námskeiða fyrir listgreinakennara.

Það sem er óhefðbundið við rannsókn Ásthildar er að auk þess að vinna verkefnið við tvo háskóla uppfyllir það skilyrði tveggja ólíkra doktorsgráða. Annars vegar greinatengdrar doktorsgráðu (Ph.D.) frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og hins vegar Doktor of Arts frá myndlistardeild Laplandsháskóla.

Enska

In her doctoral research Ásthildur B. Jónsdóttir focussed on the potential of art in education for sustainability in the context of teacher education and art creation. Sustainability is a contested concept and EfS takes several forms depending on the definition of the concept. Ásthildur used the definition of finding a balance between well-being and the integrity of nature. Concepts from critical, place-based and visual culture art education are fundamental to this research. Both action research and art-based research are used to explore the role that art and art education might play in Education for Sustainability (EfS). These two approaches created a space where she was able to gain a better understanding and awareness of EfS.

In the early stages Ásthildur focused on her own work practices and context to explore the core of the pedagogy she wished to understand. Research on two courses conducted annually within the Iceland Academy of the Arts teacher education programme formed the foundation of the research which spanned six years. She found two important issues emerging in the discourse found in the practice and education of art teachers for sustainability. One issue led her to design interventions addressing virtues and values, in particular the WIG, a spring workshop in the Reykjavík Botanical Garden which involved student teachers from the Icelandic Art Academy and pupils from a local elementary school. The other issue was the significance of participation in developing the kind of conduct,

character and manner needed for action competence, a core concept in planning sustainability education. Findings were presented in seven articles, three exhibitions and a final review, in addition to being discussed at conferences and regional courses.

What is unusual about Ásthildur's research is not only that she carried it out in a joint doctoral programme from University of Iceland and University of Lapland but that she has also fulfilled the requirement for two degrees, a Ph.D. in Education from the University of Iceland and a Doctor of Art degree from the University of Lapland

Um doktorsefnið

Ásthildur B. Jónsdóttir er lektor við listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Listir og sjálfbærni menntun eru í forgrunni rannsóknaráherslna hennar, bæði í formlegu og óformlegu samhengi menntunar. Ásthildur er með MA-gráðu frá New York University (NYU), Steinhardt School of Culture, Education, and Human Development, M.Ed-gráðu frá Háskóla Íslands og B.Ed frá Kennaraháskóla Íslands.

Ásthildur hefur kennt í grunnskólum og framhaldsskólum, háskólum, í félagsmiðstöðvum og með fólki á öllum aldri með ólíkan bakgrunn, á Íslandi, í Genf, New York og víðar. Hún hefur gefið út námsefni, þróað námskrár og gefið út barnabók um sjálfbærni bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum. Ásthildur Björg hefur starfað víða sem sýningarstjóri t.d. í Listasafni Árnesinga, höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York, í The Scandinavian house í New York, Norræna húsinu, Hörpu og Norðurheimskautsafninu í Rovaniemi. Hún hefur sýnt eigin list á Íslandi, í New York og Finnlandi.